

Óbyggðanefnd

Borgartúni 29

105 Reykjavík

Reykjavík, 27. mars 2024

## Efni: Kröfúlýsing ríkisins á svæði 12, Eyjar og sker

Eftir að kröfúlýsingum fjármálaráðherra f.h. íslenska ríkisins á svæði 12, Eyjar og sker, var skilað til óbyggðanefndar þann 2. febrúar 2024 hafa borist ábendingar um að einhver svæði sem nefnd eru í kafla 5.2 kröfúlýsingar (eyjar, sker og aðrar landfræðilegar einingar) séu utan svæðis 12 eins og það er afmarkað af óbyggðanefnd með eftirfarandi hætti:

*Málsmeðferðin tekur til eyja, skerja og annarra landfræðilegra eininga sem eru ofansjávar á stórstraumsfjöru innan eftirfarandi afmörkunar: Í fyrsta lagi á svæði sem afmarkast annars vegar af stórstraumsfjöruborði meginlandsins og hins vegar af ytri mörkum landbelginnar umhverfis meginlandið, Grímsey og Hvalbak skv. 1. mgr. 1. gr. laga um landbelgi, aðlægt belti, efnabagslögsögu og landgrunn, nr. 41/1979. Í öðru lagi innan landbelgismarka umhverfis Kolbeinsey samkvæmt sömu málsgrein.*

Ástæður þess að svæða sem falla utan svæðis 12 er að einhverju marki getið í 5.2 kafla kröfúlýsingar eru í meginatriðum eftirfarandi:

- Þrátt fyrir að svæði 12 sé afmarkað miðað við stórstraumsfjöruborð liggja ekki fyrir upplýsingar um legu stórstraumsfjöruborðs umhverfis meginlandið. Af því leiðir að ekki liggja heldur fyrir upplýsingar um afmörkun netlaga. Við vinnslu kröfúlýsingar var lagt til grundvallar að nánari upplýsingar um stórstraumsfjöruborð og netlög myndu koma fram við rannsókn óbyggðanefndar og frá þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta. Þegar þessar upplýsingar koma fram mun liggja fyrir hvornig svæði 12 afmarkast nánar og hvaða svæði falla þá utan þess, óháð því hvort þau séu nefnd í kafla 5.2 kröfúlýsingar.
- Við vinnslu kröfúlýsingar voru fyrirbyggjandi heimildir, kort og aðrar upplýsingar í ákveðnum tilvikum óljósar um það hvort einstaka svæði væru innan svæðis 12 eða utan þess, t.d. vegna landtengingar við meginlandið af náttúrunnar hendi eða af mannavöldum, eða einfaldlega á meginlandinu. Í slíkum tilvikum eru viðkomandi svæði nefnd í kafla 5.2 kröfúlýsingar ef meiri líkur en minni töldust á því að svæðið væri innan svæðis 12, en lagt til grundvallar að upplýsingar um annað komi fram við rannsókn óbyggðanefndar og frá þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta.
- Í einhverjum tilvikum er það svo að svæði innan svæðis 12 bera sama eða svipað heiti og svæði sem eru landtengd eða á meginlandinu. Slíkt getur eðli máls samkvæmt leitt til misskilnings um hvort svæði sem nefnd eru í kafla 5.2 kröfúlýsingar falli innan eða utan svæðis 12, og ályktana um að um svæði á meginlandinu sé að ræða þegar í raun er um að ræða svæði sem fellur innan svæðis 12. Allar ábendingar hér að lútandi eru hins vegar teknar til skoðunar eftir því sem þær berast.

- (4) Í einhverjum en fáum tilvikum hefur komið í ljós að í kafla 5.2 kröfúlýsingar eru nefnd svæði sem enginn vafi getur talist vera um að falli utan svæðis 12 og þar með utan kröfúlýsingar. Til skýringar á slíkum tilvikum er einungis hægt að vísa til umfangs kröfusvæðisins og þeirra heimilda og upplýsinga sem unnið var með við gerð kröfúlýsingar.

Eftir því sem fram koma upplýsingar um að eitthvað af framangreindu geti átt við eru slíkar upplýsingar yfirfarnar og kannaðar. Ef sú athugun leiðir í ljós að í kafla 5.2 kröfúlýsingar séu nefnd svæði sem falla utan svæðis 12 þá verður kröfúlýsing ríkisins uppfærð með yfirlýsingu um að slíkt svæði falli ekki innan kröfúlýsingar.

Í þessu sambandi er þó rétt að taka fram að kröfúlýsing ríkisins getur ekki náð til svæða sem falla utan kröfusvæðisins eins og það er afmarkað af óbyggðanefnd, óháð því hvort svæði sé nefnt í kafla 5.2 kröfúlýsingar. Kemur þetta skýrlega fram í kröfúlýsingu, þar sem ítrekað er vísað til þess að kröfúlýsing taki til eyja, skerja og annarra landfræðilegra eininga, bæði nafngreindra og ónafngreindra, sem eru ofansjávar á stórstraumsfjöru á svæði sem afmarkast annars vegar af stórstraumsfjöruborði meginlandsins og hins vegar af ytri mörkum landhelginnar á þeim hluta svæðis 12 sem fellur innan hvers hluta kröfúlýsingar.

Á þessu stigi liggur fyrir að unnt er að uppfæra kröfúlýsingu ríkisins með neðangreindri yfirlýsingu um að eftirfarandi svæði, sem nefnd eru í kafla 5.2 kröfúlýsingar, séu utan svæðis 12 eins og það er afmarkað af óbyggðanefnd og þannig utan kröfúlýsingar íslenska ríkisins.

Reykjavík, 27. mars 2024,

f.h. fjármála- og efnahagsráðherra vegna íslenska ríkisins,

*Edda Andradóttir*

Edda Björk Andradóttir, lögmaður

## Kröfulýsing B - Austurland

Eftirtalin svæði eru utan svæðis 12 eins og það er afmarkað af óbyggðanefnd og þannig utan kröfulýsingar íslenska ríkisins. Hefur kröfulýsing verið uppfærð/leiðrétt eftir því sem við á með eftirfarandi hætti:

1. **Skógey** (við Höfn): var áður eyja en er nú landföst og því hluti meginlandsins og utan kröfulýsingar.
2. **Lyngey** (við Höfn): var áður eyja en er nú landföst og því hluti meginlandsins og utan kröfulýsingar.
3. **Lyngeyjarhólmi** (við Höfn): var áður hólmi en er nú landfastur og því hluti meginlandsins og utan kröfulýsingar.
4. **Standey** (við Höfn): var áður eyja en er nú landföst og því hluti meginlandsins og utan kröfulýsingar.
5. **Áslaugarey / Álögarey** (við Höfn) : var áður eyja en er nú landföst og því hluti meginlandsins og utan kröfulýsingar.
6. **Heppa** (hjá Höfn): Heppa er landföst og því hluti meginlandsins og utan kröfulýsingar.<sup>1</sup>
7. **Krossey** (hjá Höfn): nú landföst og og því hluti meginlandsins og utan kröfulýsingar.
8. **Ósland** (hjá Höfn): nú landfast og því hluti meginlandsins og utan kröfulýsingar.
9. **Grjótárdalssker** (norður af Krossbæjartindi): er innan meginlandsins og því utan kröfulýsingar.
10. **Blásunarhólmar / Básunarhólmar** (við Staðará í Suðursveit): er innan meginlandsins og því utan kröfulýsingar.
11. **Hrómundarey** (Melrakkanesós): landföst og því hluti meginlandsins og utan kröfulýsingar.
12. **Örfirisey / Ásmundarstaðaey** (Norðurþing): tangi, landfastur og því hluti meginlandsins og utan kröfulýsingar.<sup>2</sup>

---

<sup>1</sup> Heppa, standklettur í sjó, er hins vegar innan svæðis 12 og því innan kröfulýsingar íslenska ríkisins.

<sup>2</sup> Átti að átti að vera í kröfulýsingu C.

## Kröfulýsing C - Norðurland eystra

Eftirtalin svæði eru utan svæðis 12 eins og það er afmarkað af óbyggðanefnd og þannig utan kröfulýsingar íslenska ríkisins. Hefur kröfulýsing verið uppfærð/leiðrétt eftir því sem við á með eftirfarandi hætti:

1. **Örfirisey / Ásmundarstaðaey** (við Neslón): tangi, landfastur og því hluti meginlandsins og utan kröfulýsingar.
2. **Staðarey** (Eyjafjörður): er innan meginlandsins og því utan kröfulýsingar.
3. **Kerlingarvík** (Tjörnes): er ekki landfræðileg eining sem stendur úr sjó og því utan kröfulýsingar.

## Kröfulýsing D -Norðurland vestra

Eftirtalin svæði eru utan svæðis 12 eins og það er afmarkað af óbyggðanefnd og þannig utan kröfulýsingar íslenska ríkisins. Hefur kröfulýsing verið uppfærð/leiðrétt eftir því sem við á með eftirfarandi hætti:

1. **Þórðarhöfði** (Skagafjörður): er landfastur og því hluti meginlandsins og utan kröfulýsingar.
2. **Bræðrahólmi** (Skagafjörður): er innan meginlandsins og því utan kröfulýsingar.
3. **Akurshólmi** (Skagafjörður): er innan meginlandsins og því utan kröfulýsingar.
4. **Hjaltabakkahólmi** (Skagafjörður): er innan meginlandsins og því utan kröfulýsingar.
5. **Vesturhóp** (Skagafjörður): er innan meginlandsins og því utan kröfulýsingar.
6. **Kerlingarbjarg** (Skagafjörður): er innan meginlandsins og því utan kröfulýsingar.
7. **Rífsnes** (Skagafjörður): er innan meginlandsins og því utan kröfulýsingar.
8. **Brúareyja** (Skagafjörður): er innan meginlandsins og því utan kröfulýsingar.
9. **Ystiklettur, Miðklettur og Syðstiklettur (Bæjarklettur í landi Bæjar, Skagafirði)**: eru innan meginlandsins og því utan kröfulýsingar.
10. **Berg** (við Kleif, Skagafirði): höfði, innan meginlandsins og því utan kröfulýsingar.
11. **Staðarhólmar** (Hrútafjörður): eru innan meginlandsins og því utan kröfulýsingar.
12. **Brimilsvík** (Húnafjörður): er ekki landfræðileg eining sem stendur úr sjó og því utan kröfulýsingar.
13. **Spákonufell / Spákonufellsey**: nú landfast og og því hluti meginlandsins og utan kröfulýsingar.

## Kröfulýsing E – Vestfirðir utan Barðastrandarsýslna

Eftirtalin svæði eru utan svæðis 12 eins og það er afmarkað af óbyggðanefnd og þannig utan kröfulýsingar íslenska ríkisins. Hefur kröfulýsing verið uppfærð/leiðrétt eftir því sem við á með eftirfarandi hætti:

1. **Örfirsey** (Strandabyggð): er landföst og því hluti meginlandsins og utan kröfulýsingar.
2. **Vogsbotn** (Kaldrananeshreppur): er ekki landfræðileg eining sem stendur úr sjó og því utan kröfulýsingar.
3. **Hvítimelur** (Kaldrananeshreppur): er innan meginlandsins og því utan kröfulýsingar.

## Kröfulýsing F – Breiðafjörður

Eftirtalin svæði eru utan svæðis 12 eins og það er afmarkað af óbyggðanefnd og þannig utan kröfulýsingar íslenska ríkisins. Hefur kröfulýsing verið uppfærð/leiðrétt eftir því sem við á með eftirfarandi hætti:

1. **Þorbjarnarhólmi** (Miklaholtshreppur): er innan meginlandsins og því utan kröfulýsingar.
2. **Súgandisey** (Stykkishólmur): nú landföst og og því hluti meginlandsins og utan kröfulýsingar.

## Kröfulýsing G - Vesturland utan Breiðafjarðar

Eftirtalin svæði eru utan svæðis 12 eins og það er afmarkað af óbyggðanefnd og þannig utan kröfulýsingar íslenska ríkisins. Hefur kröfulýsing verið uppfærð/leiðrétt eftir því sem við á með eftirfarandi hætti:

1. **Hólsey** (í Hólseyjarkvísl): er innan meginlandsins og því utan kröfulýsingar.
2. **Kerlingarhólmi** (Brekka í Borgarfirði): er innan meginlandsins og því utan kröfulýsingar.
3. **Nauthólmssker** (Hvítá): er innan meginlandsins og því utan kröfulýsingar.
4. **Sýkisholtssker** (Hvítá): er innan meginlandsins og því utan kröfulýsingar.
5. **Brákarpollur** (Borgarnes): er ekki landfræðileg eining sem stendur úr sjó og því utan kröfulýsingar.
6. **Stóra-Brákarey** (Borgarnes): nú landföst og og því hluti meginlandsins og utan kröfulýsingar.
7. **Hvítárós „úr kletti norðan Hvítár eftir línu sem stefnir á Seleyrarodda“** (Borgarfjarðarbotn): er innan stórstraumsfjöruborðs og því utan kröfulýsingar. Af því leiðir að Einarsnesey, Stórey, Grjóteyrarklakkur og Hvanneyrarklakkur falla utan kröfulýsingar.



## Kröfulýsing H – Suðvesturland

Eftirtalin svæði eru utan svæðis 12 eins og það er afmarkað af óbyggðanefnd og þannig utan kröfulýsingar íslenska ríkisins. Hefur kröfulýsing verið uppfærð/leiðrétt eftir því sem við á með eftirfarandi hætti:

1. **Bessahólmi** (Álftanes): er innan meginlandsins og því utan kröfusvæðis.
2. **Effersey / Örfirisey** (Reykjavík): er innan meginlandsins og því utan kröfusvæðis.